

1871. skjali sínu. Um málalokin væntum vèr að fá skýrslu, þegar að
20. oktbr. því kemur.

23. oktbr. **92. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um uppreist fyrir prestsekkju.**

Um leið og vèr sendum yður, herra amtmaður, konunglegt leyfisbréf, sem veitir, að Guðbjörg Aradóttir, ekkja sèra Þorsteins Jónssonar á Þóroddstað í Þingeyjarsýslu, megi, þótt hún hafi gjört sig seka að legorði, njóta þeirra réttinda, sem prestsekkjur á Íslandi eiga tilkall til, mælumst vèr til, að þèr fáið henni tðð leyfisbréf, gegn því að hún greiði 16 rd. 80 sk., sem er lögbúið gjald fyrir það, og verðið þèr að gjöra grein fyrir þessu fè í næsta reikningi yðar um gjöld þau, sem þèr takið við fyrir konungleg leyfisbréf.

31. oktbr. **93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um klausturgóz í Vestur-Skaptafellssýslu.**

Samkvæmt bréfi dómsmálastjórnarinnar 28. febr. og 7. nóvbr. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað álitsskjöl frá sýslumanninum í Skaptafellssýslu og umboðsmanni Þykkvabæjar- og Kirkjubæjarklausturs um bænarskrá nokkra, þar sem settur málafærlumaður við hinn íslenska landsyfirrett, Jón Guðmundsson, sækir um:

A. 1. að settir verði þrír reyndir menn til að gjöra uppástungur um nýtt jarðamat klausturgózins í Vestur-Skaptafellssýslu, og um hæfilegan gjaldmáta fyrir jarðirnar, sem heyra undir tðð góz;

2. að gjörð verði uppástunga til bráðabirgða um það, að afgjaldið af þeim jörðum, sem geta borið meira afgjald, en hingað